



**Ávarp
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
á málþingi Reykjavíkurborgar
„Forvarnir virka – við gerum góða hluti saman“
3. mars 2005**

Góðir málsþingsgestir

Ísland er á margan hátt kjörinn vettvangur fyrir rannsóknir, þróun nýrra aðferða, kannanir sem sýna hvað virkar og hvað ekki.

Þótt þjóðin sé fámenn þá er hún engu að síður spegilmynd, eins konar tilraunastofa sem leiðir í ljós margvíslega lærdóma sem gagnast hinum fjölmennari, nágrönnum okkar á Norðurlöndum, þjóðum í Evrópu og víðar.

Framlag okkar getur á mörgum sviðum verið fólgið í að vera slíkur aldarspegill, vettvangur þar sem greiningin er skarpari, umræðan frjórri, því á okkar heimavelli birtist samhengi þáttanna skýrar en ella.

Við erum hér saman komin til að ræða niðurstöður rannsókna sem eru þessarar ættar, ræða hvaða lærdóma við og aðrir geta dregið, hvernig stefnumótun og skipulag forvarna geta tekið mið af árangrinum.

Baráttan gegn fíkniefnum er eitt brýnasta verkefni okkar tíma, brýnt vegna fórnanna sem færðar eru, brýnt vegna erfiðleika og hörmunga sem fjölskyldur þola, heilsunnar sem æskan glatar, sjúkdóma, geðveiki, sjálfsvíga sem eru ríkur þáttur í faraldrinum, faraldri sem á síðari áratugum hefur herjað æ grimmar á unga fólkið, ekki aðeins í öðrum löndum heldur einnig hér hjá okkur.

Honum fylgja jafnan auknir glæpir, ofbeldi og voðaverk, ógn og ótti sem ein og sér hafa eyðilaggt líf fjölda fólks, mæðra og feðra, bræðra og systra, þótt enginn þeirra hafi nokkru sinni nálægt neyslunni komið.

Hinir saklausu verða fórnarlömb. Glíman við neyslu ættmennanna brennimerkir hugann alla ævi. Glæpirnir leggja í rúst líf þeirra sem eingöngu eru áhorfendur.

Við spyrjum oft: Hvað er til ráða? Og svörin eru mörg, stundum mótsagnakennd, skoðanir skiptar um hvaða meðferð dugir best, hvaða forvarnir skili árangir þegar til lengdar lætur.

Vandinn er í reynd okkar allra, samfélagsins, borgar og þjóðarinnar. Allir þurfa að taka höndum saman því reynslan sýnir að enginn veit hver er næstur.

Rannsóknir, þekking, kerfisbundnar kannanir geta vissulega vísað veginn og því fagna ég sérstaklega umfjölluninni hér í dag; vona að Reykjavíkurborg haldi áfram á þessari braut, tengi saman rannsóknir fræðimanna og stefnumótun þeirra sem ábyrgð bera, og einnig starfið sem unnið er í skólum, félögum, meðal foreldra, í íþróttum og annarri þjálfun.

Þekkingin sýnir okkur hvaða þætti ber að efla, hvað auðveldar æskufólki að forðast þessar hættur, hvernig samspil ólíkra einkenna borgarlífsins getur stuðlað að betra lífi.

Vissulega er það gleðilegt þegar forvarnir virka, mikilvægt að skilja hvernig við getum gert góða hluti, fagnaðarefni þegar árangur næst – en við skulum samt halda vöku okkar, minnst þess að enn er á brattann að sækja, að erlendir glæpahringir beina í auknum mæli sjónum hingað, að stundargróðinn sem sala fikniefna getur fært freistar margra, að við erum í alfaraleið og deilum með öðrum þjóðum þessum vanda.

En reynsla okkar getur líka orðið öðrum lærdómsefni og því er mikilvægt að við tölum saman, skoðum hvað hefur dugað best í baráttunni.

Þess vegna fagna ég sérstaklega frumkvæði ykkar og vænti mikils af samræðunum hér í dag.